

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2016****2018/EES/29/16****frá 11. nóvember 2015**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar hlutabréfavísitölu sem notuð er vegna samhverfrar aðlögunar við útreikning gjaldþolskröfu með staðalreglu vegna hlutabréfaáhættu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum b-lið 2. mgr. 109. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að tryggja að hlutabréfavísitala mæli markaðsvirði dreifðs hlutabréfasafns, sem er lýsandi fyrir eðli hlutabréfa sem eru dæmigerð eign váttrygginga- og endurtryggingafélaga, eins og krafist er skv. 172. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 ⁽²⁾, ætti hún að vera sett saman úr mörgum gildandi hlutabréfavísitölum fyrir viðeigandi markaði. Til að gera stig þessara hlutabréfavísitalna sambærileg ætti að setja stig hverrar vísitölu við upphaf viðkomandi tímabils sem um getur í 2. mgr. 106. gr. tilskipunar 2009/138/EB á 100 prósentustig.
- 2) Virði hlutabréfavísitölu sveiflast innan dagsins. Því er nauðsynlegt að skýra hvaða gildi skal nota fyrir tiltekinn dag. Þar sem kauphallir eru ekki opnar fyrir viðskipti á hverjum degi er einnig nauðsynlegt að tilgreina fyrir hvaða daga er nauðsynlegt að reikna út stig hlutabréfavísitölnnar. Af þessum sökum ætti að skilgreina hugtökin „síðasta stig“ og „virkur dagur“.
- 3) Hlutabréfavísitalan ætti að vera í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 172. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2015/35.
- 4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „síðasta stig“: síðasta gildi hlutabréfavísitölnnar á viðmiðunardeginum eins og veitandi hlutabréfavísitölnnar birtir hana,
- 2) „virkur dagur“: allir aðrir dagar en laugardagar og sunnudagar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

2. gr.

Útreikningur hlutabréfavísitölunnar

1. Stig hlutabréfavísitölunnar sem um getur í 2. mgr. 106. gr. tilskipunar 2009/138/EB skal ákvarðað fyrir hvern virkan dag.

Stig hlutabréfavísitölunnar fyrir tiltekinn virkan dag skal vera summa framlags allra hlutabréfavísitalnanna í viðaukanum á viðkomandi virkum degi.

Fyrir hverja hlutabréfavísitölu í viðaukanum skal framlag hennar á tilteknum virkum degi vera margfeldið af stöðluðu stigi hennar þann virka dag og viðkomandi vægi hennar í hlutabréfavísitölunni eins og fram kemur í viðaukanum.

2. Fyrir hverja hlutabréfavísitölu sem sett er fram í viðaukanum er staðlað stig hennar fyrir tiltekinn virkan dag síðasta stig hennar þann virka dag deilt með síðasta stigi hennar fyrsta dag 36 mánaða tímabilsins, sem lýkur á þeim virka degi sem stig hlutabréfavísitölunnar er reiknað fyrir, eins og það er skilgreint í 1. mgr. 172. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35. Ef síðasta stig hlutabréfavísitölu er ekki aðgengilegt fyrir tiltekinn dag skal nota nýjasta tiltæka stigið fyrir þann dag.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Hlutabréfavísitölur og vægi

Hlutabréfavísitölur (verðvísitölur)	Vægi
AEX	0,14
CAC 40	0,14
DAX	0,14
FTSE All-Share Index	0,14
FTSE MIB Index	0,08
IBEX 35	0,08
Nikkei 225	0,02
OMX Stockholm 30 Index	0,08
S&P 500	0,08
SMI	0,02
WIG30	0,08